

AUGLÝSING
um breytingu á starfsreglum um prestssetur og aðrar
fasteignir kirkjunnar, nr. 950/2009, með síðari breytingum.

1. gr.

3. mgr. 21. gr. starfsreglnanna orðast svo:

Leiga prestssetra í eigu kirkjunnar skal ekki vera lægri en kr. 52.000 á mánuði og ekki hærri en kr. 108.000 og tekur sú fjárhæð breytingum árlega samkvæmt neysluvísitölu. Um leigu fyrir aðrar eignir skal samið.

2. gr.

Starfsreglur þessar, sem settar eru með heimild í 59. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997, með síðari breytingum, öðlast gildi við birtingu.

Reykjavík, 26. mars 2021.

Drífa Hjartardóttir forseti kirkjuþings.

B-deild – Útgáfud.: 13. apríl 2021